

Menningarnefnd fundur 218

13 júní 2023

Pakkhúsið kl 14:00 - 15:30

Fundinn sátu: Arnór Ísfjörð, Hafdís Rán Brynjarsdóttir, Heimir Berg, Helga Jóhannsdóttir, Ingunn Ýr Angantýsdóttir og Marsibil Katrín Gunnarsdóttir

Fundargerð ritaði Ingunn Ýr Angantýsdóttir

Dagskrá:

1. Tónleikahald

Tónleikahald verður með breyttu sniði í ár, nefndin stefnir á að tónleikahald verði fært á annað tímabil en áður hefur verið.

2. Ljósmyndasamkeppni

Ákveðið var að efla til ljósmyndakeppni með þemanu: Menning og mannlíf í Snæfellsbæ sumar 2023. Keppnin verður auglýst á næstu dögum.

3. Opinn hugmyndafundur

Nefndin ræddi það að bjóða áhugasömum á opin hugmyndafundur í haust. Þar gefst tækifæri á að opna og efla samtalið um menningu og listir í bæjarfélaginu til þess að varpa fram og ræða hugmyndir og verkefni.

4. Verkefni menningarnefndar 2022-2026

Farið yfir liðið tímabil og drög lagt fyrir það næsta.

a) Viðburðir og mannlíf

- i. Umsjón og skipulagt með dansnámskeiði á barnamenningarhátíð.
- ii. Lína Langsokkur - Barnamenningarhátíðið klifi.
- iii. Jólaborpskvöld. gekk vel , ræða þarf framhaldið og fyrirkomulag fyrir næsta.
- iv. Jólatónleikar- Hera Björk, Guðrún Gunnars, Páll Olgeir og Vignir Snær
- v. Ljósmyndasamkeppni
- vi. Ólafsvíkurvaka- hugmyndir að nýta neðstu hæð Pakkhússins sem sýningarrými samhliða kaffisölu Kvenfélagsins á Ólafsvíkurvöku
- vii. Verkefni og viðburðir haustsins rædd..

b) Menningarstyrkir

- i. Trúbador í miðnætursundi
- ii. Örstyrkir - tveir. (listamaðurinn Anna Herzog og Hollvinafélag Pakkhússins)
- iii. Ólafsvíkurvaka

c) Söfn

Málefni safna bæjarins rædd. Mikil þörf á að gera starfsemi safnanna betri skil.

i. Bókasafn -

Bréf frá nefndinni varðandi bókasafnið og framtíð þess sent á bæjarstjórn við góðar undirtektir, stýrihópur með fulltrúum bæjarstjórnar og menningarnefndar myndaður. Verkefnið er í vinnslu.

ii. Pakkhúsið

- Gera þarf starfsemi safnsins betri skil.
- Nefndin ræðir um framtíð þess og hvernig starfseminni er háttað.
- Hugmyndir varðandi framtíð safnsins og hússins ræddar og nefndin sammála því að umbætur og endurnýjun á uppsetningu sýningar sé nauðsynleg.

5. Hollvinafélag Pakkhúsins

Fulltrúar Hollvinafélagsins Jenný og Ragnheiður mættu á fundinn og kynntu erindið sitt varðandi Pakkhúsið. Hollvinafélagið fékk styrk frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands er varðar umbætur og varðveislu á safnkosti bæjarins sem og örstyrk frá menningarnefnd í verkefnið. Fenginn var fagmanneskja í verkið fyrir styrkuppþæðirnar. Jenný afhenti og kynnti fyrir nefndinni grófa skýrslu af því sem kom frá Guðlaugu safnafræðingi, skýrslan er í meðfylgjandi bréf. Nefndin tók vel í erindið og vísar því á bæjarstjórn.

Menningarnefnd hvetur bæjarstjórn til þess að taka samtalið um ástand og framtíð Pakkhússins og safnmuni bæjarins. Einnig óskar nefndin, sem hefur það hlutverk m.a. að vera umsjónaraðili Pakkhússins, eftir því að bæjarstjórn geri grein fyrir starfsemi og stefnu varðandi þessi mál svo að nefndarmenn geti kynnst því betur.

6. Fjárhagur nefndarinnar - farið yfir úthlutanir og ráðstafanir gerðar fyrir árið.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt

Fundi slitið 15:30.